



Alþingi
Erindi nr. P 133/803
komudagur 5.2.2007

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi samgöngunefnd
b.t. Margrétar M. Grétarsdóttur

Reykjavík 2. febrúar 2007

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

0701496SA JF
Tilv.: 205

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum

Með bréfi samgöngunefndar Alþingis dags. 17. janúar 2007 barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, 366. mál, gjaldskrár, neyðarhafnir, EES- reglur o.fl.

Sambandið sendi athugasemdir við frumvarpið með bréfi dags. 29. nóvember 2006 og ítrekar hér með það sem þar kemur fram.

Telur sambandið mikilvægt að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi: Fyrri málslíður þriðju málsgreinar 18. gr. kemur til framkvæmda 1. janúar 2010.

Umræddur málslíður hljóðar svo: *Rekstrarformi hafna skal breytt í höfn í eigu sveitarfélags án sérstakrar hafnarstjórnar þegar hún hefur haft neikvæðan rekstrarafgang í þrjú ár í röð að teknu tilliti til vaxta, en fyrir afskriftir.*

Sambandinu er ljóst að á vegum Samgönguráðuneytisins og Hafnabótasjóðs stendur til að hefja sérstaka skoðun á þeim höfnum sem eiga í mestum fjárhagsvanda og hvernig á þeim vanda verði tekið. Með hliðsjón af því og með vísan til þess er fram kemur í bréfi sambandsins til samgöngunefndar dags. 29. nóvember 2006 telur sambandið nauðsynlegt að fresta gildistöku umrædds ákvæðis til ársins 2010.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Sigurður Óli Kolbeinsson
Sviðsstjóri lögfræðisviðs